Siðareglur þátttakenda

Siðareglur fyrir þátttakendur á 26. Alheimsmóti skáta 2027 í Póllandi

Velkomin á 26. Alheimsmót skáta í Póllandi 2027! Við erum öll hér til að skemmta okkur, eignast nýja vini og vera örugg. Til að tryggja að öll munu eiga frábærar stundir á skátamótinu skaltu fylgja þessum einföldu reglum:

1. Vertu góður skáti

1.1. Mundu skátaheitið þitt og fylgdu skátalögunum.

1.2. Þú ert fulltrúi þíns skátafélags, þíns lands og þíns sjálfs.

2. Verum vingjarnleg og sýnum virðingu

2.1. Vertu ávallt heiðarleg/ur/t og talaðu kurteislega.

2.2. Komdu fram við allt og alla af nærgætni og virðingu, þar á meðal eigur annarra og náttúruna.

3. Fylgdu reglunum

3.1. Vertu ávallt með mótseinkenni sýnileg nema þér sé sagt annað af öryggisástæðum.

3.2. Fylgdu öllum öryggisreglum mótsins og landslögum Póllands.

3.3. Hlustaðu á fullorðna sjálfboðaliða og skátaforingja, fylgdu fyrirmælum þeirra og haltu þig við dagskrá mótsins.

4. Virtu einkasvæði og persónulegt rými

4.1. Farðu aðeins inn á tjaldsvæði annarra ef þér er boðið.

4.2. Farðu ekki inn á svæði sem eru lokuð eða þar sem aðgangur er bannaður.

4.3. Vertu á þínu eigin tjaldsvæði á nóttunni, sofðu í þínu tjaldi og virtu kyrrð.

5. Verum örugg í samskiptum við aðra

5.1. Ekki stríða öðrum, leggja í einelti eða mismuna fólki. Ekki beita nokkurs konar ofbeldi hvort sem er líkamlegt, munnlegt eða andlegt.

5.2. Berðu virðingu fyrir persónulegu rými annarra. Spyrðu alltaf áður en þú snertir einhvern.

6. Verum ábyrg á netinu

6.1. Ekki deila myndum, skilaboðum eða færslum sem eru meiðandi, dónalegar eða óviðeigandi.

7. Fagnaðu fjölbreytileikanum

7.1. Sýndu öllum menningarheimum og fólki virðingu.

7.2. Klæddu þig viðeigandi fyrir þær athafnir sem þú tekur þátt í. Ekki skipta um föt á almenningssvæðum.

7.3. Forðastu að segja eða gera eitthvað sem er móðgandi eða getur valdið öðrum skaða.

8. Höldum náttúrunni og tjaldsvæðinu hreinu

8.1. Settu alltaf rusl í ruslatunnur og hjálpaðu til við að halda mótssvæðinu hreinu.

9. Engin skaðleg efni

9.1. Ekki hafa með þér, deila eða nota áfengi, sígarettur, rafrettur, nikotínpúða, orkudrykki, ólögleg fíkniefni eða neitt sem getur verið hættulegt, svo sem vopn eða flugelda.

10. Skipti á hlutum

10.1. Þú mátt aðeins skipta á skátamerkjum og minjagripum við aðra þátttakendur (skáta á aldrinum 14 –17 ára).

10.2. Þú mátt ekki selja öðrum hluti.

10.3. Þú mátt ekki taka þátt í leikjum þar sem veðjað er um peninga.

Sem þátttakandi á 26. Alheimsmóti skáta samþykki ég að haga mér í samræmi við þessar siðareglur. Ég skuldbind mig til að gera mitt besta til að tryggja öryggi allra og stuðla að því að mótsupplifunin verði sem allra best – fyrir mig sjálfa/n/t og alla aðra á mótinu.

